



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 15/2008
í ágreiningsmáli Og fjarskipta ehf. og Símans hf.
um afslátt af verði fyrir bitastraumsaðgang til endursölu

18. júlí 2008

I.

Krafa Og fjarskipta ehf.

Með bréfi Og fjarskipta ehf. (Vodafone), dagsettu 10. júní 2008, fór fyrirtækið þess á leit við Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) að stofnunin hlutaðist til um að Síminn framfylgdi skyldu sinni og uppfyllti þær kvaðir sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun stofnunarinnar nr. 8/2008, *um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang* (markaður 12), frá 18. apríl 2008. Nánar tiltekið er þess krafist að Síminn veiti Vodafone 35% afslátt af verði fyrir bitastraumsaðgang (ADSL tengingar) til endursölu í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá sem lögð var á Símann með framangreindri ákvörðun PFS.

II.

Málavextir og bréfaskipti

2.1.

Í framangreindu bréfi Vodafone gerir fyrirtækið grein fyrir máli sínu á eftirfarandi hátt:

„Og fjarskipti ehf. (Vodafone) hafa í nokkur ár keypt mikinn fjölda ADSL tenginga af Símanum til að endurselja eigin viðskiptavinum án þess að hafa hlotið þeirra afslátta sem Síminn hefur veitt fjölda annarra fyrirtækja sem kaupa ADSL tengingar af Símanum til endursölu. Þá er Vodafone í þessa mund að yfirtaka um 1500 ADSL tengingar sem Tal (áður Hive) er að endurselja Símanum.

Í kjölfar framangreindrar ákvörðunar PFS óskaði Vodafone eftir því að Síminn tæki tillit til umrædds 35% afsláttar við útgáfu reikninga vegna endursölu Vodafone á ADSL tengingum frá Símanum. Fyrst með tölvupósti, dags. 14. maí sl., sem ítrekaður var með tölvupósti, dags. 19. og 20. maí sl. og aftur með tölvupósti 2. júní sl. Með tölvupósti, dags. 5. júní sl., bárust loks svör frá Símanum, (...). Þar kemur fram sú túlkun Símans að þær ADSL tengingar sem Vodafone er að endurselja frá Símanum og viðskiptavinir eru að nýta fyrir IPTV sem þeir kaupa hjá Símanum séu undanþegnar umræddum afslætti þar sem Síminn hafi lagt út í kostnað við uppsetningu á búnaði, router og myndlykli, og sé eigandi þess búnaðar, auk þess að veita 1. stigs þjónustu.“

Mótmælir Vodafone framangreindri túlkun Símans og fer þess á leit við PFS að stofnunin framfylgi þeim kvöðum sem lagðar voru á Símann með ákvörðun PFS nr. 8/2008. Rökstyður Vodafone kröfu sína með eftirfarandi hætti:

„Í fyrsta lagi er staða Vodafone gagnvart Símanum alveg sú sama hvort sem þær ADSL tengingar sem félagið er að kaupa af Símanum til endursölu eru nýttar til að kaupa IPTV þjónustu af Símanum eða ei. Jafnframt er þjónusta Vodafone gagnvart viðkomandi viðskiptavini alveg sú sama hvort sem þeir eru að kaupa IPTV þjónustu af Símanum eða ei. Vodafone er eftir sem áður að veita umræddum viðskiptavinum fyrstastigs þjónustu vegna ADSL tenginganna. Síminn veitir umræddum viðskiptavinum einungis þjónustu vegna IPTV.

Í öðru lagi þá á það að sjálfsögðu ekki að hafa nein áhrif á rétt Vodafone og viðskipti félagsins við Símann að Síminn skuldbindi þá viðskiptavini sem eru að kaupa IPTV þjónustu að hafa bæði myndlykil og beinir (router) frá Símanum. Enda greiða umræddir viðskiptavinir fyrir þann búnað til Símans annað hvort með áskriftargjaldinu eða sérstaklega ef áskrift er ekki virk.“

2.2.

Með bréfi PFS, dags. 13. júní sl., er Símanum gefinn kostur á að tjá sig um kvörtun Vodafone.

Í svarbréfi Símans, dags. 4. júlí sl., og barst PFS sama dag, gerir Síminn grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu. Er þar einkum um að ræða túlkun Símans á því hvað felst í skyldu Símans til að bjóða endursöluaðilum afslátt af smásöluverðum ADSL tenginga fyrirtækisins á grundvelli markaðsgreiningu PFS á markaði 12. Vísar Síminn máli sínu til stuðning í 283. mgr. í markaðsgreiningu PFS á markaði 12 sem er að finna á bls. 73 í viðauka A við ákvörðun PFS nr. 8/2008, og nánar verður gerð grein fyrir í kafla 3.2 hér að neðan. Um túlkun á framangreindri málgrein segir Síminn m.a.:

„Framangreint verður einungis skilið á einn veg. Endursöluaðili skal alfarið sjá um endabúnað fyrir sína viðskiptavini enda styður skilgreining á leið 3 við það. Samkvæmt skilgreiningu PFS miðar leið 3 við það að endursöluaðili geti stýrt sjálfur þjónustu til viðskiptavinar. Ef búnaður Símans er notaður verður að setja búnaðinn upp miðað við uppbyggingu á neti Símans. Uppsetningin getur ekki tekið mið af kerfi endursöluaðila og þar með getur endursöluaðili ekki haft áhrif á eða stýrt tengingunni við sína viðskiptavini. Það leiðir einnig til þess að fyrsta stigs þjónusta verður að vera hjá Símanum og þannig getur endursöluaðili ekki uppfyllt skilyrði um að veita þá þjónustu fyrir sína viðskiptavini.

Einnig miðar leið 3 við að endursöluaðili geti sett eigin virðisaukandi þjónustu eins og Internet ofan á bitastraumsaðganginn eins og fram kemur í markaðsgreiningu PFS og því geta pakkalausnir með endabúnaði, Internetþjónustu og sjónvarpsþjónustu ekki fallið undir þessa leið. Leið 3 miðar við að endursöluaðili setji sína eigin virðisaukandi þjónustu ofan á bitastraumsaðgang sem keyptur er í heildsölu.

Ef vilji PFS hefði staðið til þess að endabúnaður væri innifalinn þá hefði leið 4 orðið fyrir valinu. Eins og fram kemur á bls. 16 í viðauka A við ákvörðun PFS er með leið 4 verið að gera endursöluaðila kleift að kaupa sömu vöru og seld er almennum viðskiptavinum og þar með er endabúnaður innifalinn. Kaupandi selur þjónustuna í óbreyttu formi og fyrsta stigs þjónusta og búnaður er hjá seljanda.

Ákvörðun PFS ásamt markaðsgreiningu í viðauka A fjallar um bitastraumsaðgang en ekki aðrar sérlausnir sem eru boðnar viðskiptavinum. Það að smásala Símans velur að setja saman í pakka ADSL tengingu og virðisaukandi lausn eins og sjónvarp getur sú pakkalausn ekki fallið undir markaðsgreininguna. Smásala Símans ber allan kostnað við endabúnaði viðskiptavinar og er hann innifalinn í smásöluálagningu. Sjónvarpsþjónustan er virðisaukandi lausn og fellur ekki undir kvaðir PFS. Stofnunin getur því ekki skyldað Símann til að selja þá lausn í heildsölu þannig að sjónvarpsþjónusta getur aldrei verið hluti af heildsöluvöru. Gera þarf greinarmun á endabúnaði, annars vegar beini (router) og hins vegar myndlykli fyrir sjónvarp. Ef óskað er eftir að Síminn afhendi og setji upp beini hjá viðskiptavini þá verður endursöluaðili að greiða

fyrir þá þjónustu þar sem hún er ekki innifalin í heildsöluverði. En ef endursöluaðili vill kaupa pakkalausn með bitastraumsaðgangi og annarri viðrisaukandi þjónustu verður hann að kaupa slíka lausn af smásölu Símans.“

Með vísan til ofangreinds telur Síminn að ákvörðun PFS nr. 8/2008 feli það í sér að Símanum beri ekki að veita 35% afslátt af smásöluverði þegar þannig háttar að Síminn hefur kostað uppsetningu búnaðar með því að senda starfsmann sinn til viðskiptavinar, til að setja upp endabúnað, þ.m.t. beini sem var kostaður af Símanum. Óskar Síminn eftir að PFS staðfesti að skilningur fyrirtækisins á ákvörðun PFS nr. 8/2008 sé réttur.

Í ljósi þess að Vodafone og Síminn hafa ekki náð samkomulagi í máli þessu mun Póst- og fjarskiptastofnun með ákvörðun þessari skera úr ágreiningi aðila um afslátt af verði Símans fyrir bitastraumsaðgang til endursölu í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

III

Forsendur og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

3.1

Þann 18. apríl sl. birti Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun sína nr. 8/2008, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 12), og fylgiskjöl með henni. Á grundvelli niðurstöðu úr markaðsgreiningu á markaði 12 útnefndi PFS Símann með umtalsverðan markaðsstyrk á markaðinum. Markaðsgreiningin er grundvöllur þess að hægt sé að leggja sérstakar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem útnefnd eru með umtalsverðan markaðsstyrk á markaðinum. Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga var lögð sú kvöð á Símann hf. um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu á koparheimtaugum á heildsölustigi. Jafnframt var með ákvörðuninni lagðar kvaðir á Símann hf. um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá.

Hvað varðar ágreining í máli þessu eru einkum tvær kvaðir, af framantöldum kvöðum, sem koma til skoðunar. Annars vegar er um að ræða aðgangskvöðina, sbr. 28. gr. fjarskiptalaga, og hins vegar kvöð um eftirlit með gjaldskrá, sbr. 32. gr. fjarskiptalaga.

3.2

Í ákvörðun PFS nr. 8/2008 var lögð sú skylda á Símann að verða við öllum eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu á koparheimtaugum. Netaðstaðan sem hér um ræðir er aðgangur að bitastraumi sem fer um efri tíðnihlutann á koparheimtaugum í þeim tilgangi að gera öðrum fjarskiptafyrirtækjum kleift að veita notendum sínum aðgang að ýmis konar bandbreiðri þjónustu. Samkvæmt kvöðinni skal Síminn einnig, ef þess er óskað, annast sendingu á bitastraumnum um stofnlínunet sitt til staðar þar sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur tengingu við net Símans.

Markmiðið með markaðsgreiningu PFS og álögðum kvöðum í kjölfarið er að efla samkeppni á markaði. Það er gert í þeim tilgangi að örva nýbreytni og þróun og efla samkeppnishæfni fyrirtækja og hag neytenda. Ein leiðin til þess er að draga úr aðgangshindrunum. Aðgangshindrun er samheiti yfir ýmsa þætti sem hafa áhrif á markaðsstyrk fyrirtækja. Möguleg samkeppni frá nýjum aðilum getur haft áhrif á hegðun markaðsráðandi fyrirtækis og dregið úr skaðlegum áhrifum þess á samkeppni. Aðgangshindranir veikja hins vegar eða koma í veg fyrir samkeppni.

Samtvinnun og lóðrétt samþætting eru dæmi um hegðun sem getur falið í sér aðgangshindrun. Dæmi um samtvinnun er þegar fyrirtæki, sem er markaðsráðandi á einum markaði getur nýtt stöðu sína til að tvinna saman vörur á þeim markaði við vörur á öðrum markaði með tilboðum sem samkeppnisaðilar eiga erfitt með að líkja eftir. Ef keppinautarnir hafa ekki tækifæri til að bjóða sambærilegt tilboð styrkir það markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins á fyrrgreindum markaði og skapar samkeppnislegt forskot á hinum síðari. Lóðrétt samþætting er þegar sami aðili starfar á fleiri en einu framleiðslu- og/eða sölustigi, t.d. framleiðir vöru, selur öðrum aðilum í heildsölu og selur einnig sjálfur í smásölu. Fyrirtæki sem samþættir þannig ólíka starfsemi í virðiskeðjunni getur á grundvelli stöðu sinnar á heildsölu- eða smásölumarkaði hindrað samkeppni í þeim tilgangi að styrkja stöðu sína gagnvart keppinautum.

Þær kvaðir sem lagðar voru á Símann með ákvörðun nr. 8/2008 voru m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að Síminn gæti tvinnað saman vörur og þjónustu eða beitt lóðrétttri samþættingu í þeim tilgangi að styrkja markaðsráðandi stöðu sína á þeim þjónustumarkaði sem ákvörðunin og kvaðirnar taka til, sbr. umfjöllun um „Samkeppnisvandamál á viðkomandi markaði“ í kafla 6.2.2 á bls. 59 í Viðauka A með ákvörðuninni.

Viðauki A með ákvörðun PFS nr. 8/2008 hefur að geyma markaðsgreiningu PFS á markaði 12. Í niðurstöðum PFS varðandi afmörkun á þeim þjónustumarkaði sem hér um ræðir segir að „viðkomandi markaður fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu skal ná yfir alla ytri og innri sölu eða innri notkun á bitastraumsaðgangi og þau fyrirtæki sem eiga og/eða leigja koparheimtaugar til að veita breiðbandsþjónustu með xDSL tækni í heildsölu og/eða smásölu. Einnig skal viðkomandi markaður ná yfir alla þá þjónustu sem nauðsynleg er til að gera slíkan aðgang að bitastraumi mögulegan.“¹

Samkvæmt þessu er ljóst að þær kvaðir sem PFS lagði á Símann með ákvörðun nr. 8/2008 ná eingöngu til heildsölumarkaðs fyrir bitastraumsaðgang (ADSL tengingar) en ekki sjónvarpsþjónustu og búnaðar tengdri henni eða annarrar virðisaukandi þjónustu Símans eða Skjásins á smásölumörkuðum.

Í fyrrnefndu bréfi Símans, dags. 4. júlí sl., segir orðrétt að „(e)f búnaður Símans er notaður verður að setja búnaðinn upp miðað við uppbyggingu á neti Símans. Uppsetningin getur ekki tekið mið af kerfi endursöluaðila og þar með getur endursöluaðili ekki haft áhrif á eða stýrt tengingunni við sína viðskiptavini. Það leiðir einnig til þess að fyrsta stigs þjónusta verður að vera hjá Símanum og þannig getur endursöluaðili ekki uppfyllt skilyrði um að veita þá þjónustu fyrir sína viðskiptavini.“

Kjósi Síminn að bjóða pakkalausnir, þar sem ADSL tenging og virðisaukandi lausn eins og sjónvarp eru tvinnuð saman, verður fyrirtækið að gæta þess að búnaður tengdur sjónvarpsþjónustunni (myndlykill) sé ekki háður því að ADSL endabúnaður (beinir) komi frá Símanum. Annars er Síminn að svipta önnur fjarskiptafyrirtæki tækifærinu til þess að veita fyrsta stig þjónustu gagnvart sínum viðskiptavinum, þ.á.m. útvegum á búnaði og þjónustu því tengdu, sem getur varðað mikla hagsmuni fyrirtækja í samkeppnislegu og markaðslegu tilliti. Telur PFS að það leiði af aðgangskvöðinni að endursöluaðilum sé gert mögulegt að veita endanotendum fyrsta stigs þjónustu á smásölustigi.

¹ Sbr. 71. mgr. á bls. 30 í viðauka A.

Með vísun til framangreinds er það álit PFS að það sé í andstöðu við þá aðgangskvöð sem lögð var á Símann með ákvörðun nr. 8/2008 ef Síminn kemur í veg fyrir að endursöluaðili geti veitt viðskiptavinum sínum í ADSL þjónustu fyrsta stigs þjónustu, eins og lýst er í ákvörðuninni og viðaukum með henni, með því að tvinna sjónvarpsþjónustu Símans saman við notkun á beini Símans.

3.3

Eins og fyrr greinir var með ákvörðun nr. 8/2008 jafnframt lögð kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá. Um þessa kvöð segir m.a. í fyrrnefndri ákvörðun PFS:

„Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann hf. um eftirlit með gjaldskrá. Verð Símans fyrir bitastraumsaðgang til endursölu skulu miðast við smásölu mínus aðferð (e. retail minus) þar til kostnaðargreind gjaldskrá liggur fyrir og hefur verið samþykkt af PFS. Síminn skal þar til kostnaðargreind heildsölugjaldskrá hefur verið samþykkt af hálfu PFS bjóða skráðum fjarskiptafyrirtækjum að lágmarki 35% afslátt af smásöluverðum ADSL tenginga sem í gildi eru við töku ákvörðunar þessarar og Síminn býður í endursölu. Miðað er við að fjarskiptafyrirtæki endurselji að lágmarki 75 tengingar til að njóta ofangreinds verðs. Verð og aðrir skilmálar skulu byggja á smásöluverðskrá Símans sem í gildi er við töku ákvörðunar þessarar og endursölusamningi Símans miðað við leið 3 sem getið er um í kafla 2.1 hér að framan. Síminn skal bjóða fjarskiptafyrirtækjum með færri en 75 tengingar að lágmarki þá afslætti sem í gildi voru við töku ákvörðunar þessarar, sbr. töflu 5 í viðauka A, þ.e. 5%, 7,5% og 10%. Heildsöluverð verða svo endurskoduð þegar niðurstaða kostnaðargreiningar liggur fyrir.“²

Í kafla 6.4.5 í markaðsgreiningunni (viðauka A) er fjallað nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Kemur eftirfarandi þar m.a. fram í 283. – 284. mgr.:

„283. Þegar meta þarf hvað er eðlilegt heildsöluverð til fjarskiptafyrirtækja, þarf að hafa í huga að fjarskiptafyrirtæki sem gerast endursöluaðilar Símans þurfa umfram aðra viðskiptavini smásölu Símans að bera eftirfarandi kostnað auk eðlilegs hagnaðar.

- *Sölu- og markaðsstarfsemi, þ.m.t. kostnaður vegna magnafslátta til stærri viðskiptavina, búnaður, auglýsingar og markaðsefni.*
- *Reikningssambandi við viðskiptavini og fjármögnun viðskiptakrafna.*
- *Afskrift viðskiptakrafna.*
- *Fyrsta stigs þjónustu við viðskiptavini (þjónustuver, bilanagreining o.fl.).*
- *Upplýsingakerfi.*
- *Annar smásöluverðkostnaður, þ.m.t. yfirstjórn, skrifstofa, laun og húsnæði.*
- *Samtengingu neta.*

Reikna verður með því að innan Símans sé gert ráð fyrir beinum smásöluverðum auk hlutdeildar smásölusviðs í óbeinum kostnaði og hagnaði. Innri verðlagning milli heildsölustigs og smásölustigs taki mið af framangreindu. Hafa þarf einnig í huga að fyrir utan eigið smásölusvið Símans þá eru fjarskiptafyrirtæki meðal stærstu viðskiptavina hans á bitastraumi, með vel á þriðja þúsund ADSL tengingar hjá einstökum aðila, en á sama tíma hefur öðrum viðskiptavinum boðist hámarks magnafsláttur miðað við 75 ADSL tengingar og fleiri. PFS telur því sannjarnt að Síminn veiti fjarskiptafyrirtækjum þann afslátt sem Síminn hefur boðið öðrum stórum viðskiptavinum sínum í smásölu miðað við magn, auk afsláttar til endursala vegna kostnaðar þeirra og hagnaðar.

² Sjá kafla 2.5. á bls. 5 í ákvörðuninni

284 Með hliðsjón af framangreindu leggur PFS til að verð fyrir aðgang til endursölu skuli reiknað með smásölu mínus (Retail minus) aðferðinni þar til kostnaðargreind gjaldskrá liggur fyrir og hefur verið samþykkt af PFS. Smásala mínus prósentan skal vera að lágmarki 35% af smásöluverðskrá Símans sem í gildi var við töku ákvörðunar þessarar miðað við að fjarskiptafyrirtæki endurselji að lágmarki 75 ADSL tengingar frá Símanum. Verð og aðrir skilmálar byggja á smásöluverðskrá þeirri er í gildi var við töku ákvörðunar þessarar og endursölusamningi Símans, skv. leið 3 í mynd 1. Fjarskiptafyrirtæki með 74 eða færri tengingar skulu bjóðast að lágmarki núverandi afslættir í samræmi við töflu 5. Verð fyrir þjónustu sem tengist bitastraumsaðgangi skal vera heildsöluverð og þjónustan skal boðin þar sem það er tæknilega mögulegt. Heildsöluverð verða svo endurskoðuð þegar niðurstaða kostnaðargreiningar liggur fyrir.“

Eins og fram kemur hér að ofan skulu verð og aðrir skilmálar Símans byggja smásöluverðskrá Símans sem var í gildi við töku ákvörðunar PFS nr. 8/2008 og endursölusamningi Símans.

Í 2. gr. endursölusamnings Símans, frá árinu 2007, segir m.a.:

„Endursöluaðili skal sjá um sölu ADSL þjónustunnar til viðskiptavinar, hafa reikningssamband við viðskiptavininn ásamt því að sjá um fyrsta stigs þjónustu.“

Að mati PFS er alveg skýrt að fyrsta stigs þjónusta endursöluaðila ADSL þjónustu nær til ADSL tengingar og þjónustu tengda henni en ekki til sjónvarpsþjónustu eða annarrar virðisaukandi þjónustu Símans.

Eins og að framan greinir ná þær kvaðir sem lagðar voru á Símann með ákvörðun nr. 8/2008 eingöngu til heildsölumarkaðar fyrir bitastraumsaðgang (ADSL tengingar) en ekki sjónvarpsþjónustu og búnaðar tengdri henni eða annarrar virðisaukandi þjónustu Símans eða Skjásins á smásölustigi. Þá er rétt að taka fram að PFS er ekki kunnugt um að Síminn hafi hingað til gert einhvern greinarmun í gjaldtöku sinni á ADSL tengingum til endursala eftir því hvort viðskiptavinur ADSL þjónustunnar hefur einnig verið með sjónvarp Símans eða ekki.

Skylda Símans til að framfylgja þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun PFS nr. 8/2008, eins og nánar er kveðið á um í ákvörðuninni, er skýr. Síminn getur ekki komið sér undan þessari skyldu sinni með því að setja saman ýmsar pakkalausnir sem fela í sér ADSL tengingu og virðisaukandi lausnir eins og sjónvarpsþjónustu. Kjósi smásala Símans að bjóða upp á slíka þjónustu er uppsetning og útvegum myndlykils og sérstillts beinis (router) alfarið á ábyrgð Símans og tengist þá sölu á sjónvarpsþjónustu. Slík virðisaukandi þjónusta í smásölu á ekki að hafa áhrif á heildsöluverðlagningu á bitastraumi til endursöluaðila.

Í þessu sambandi er sérstaklega bent á ákvörðun Samkeppnisráðs (nú Samkeppniseftirlitið) nr. 10/2005, um samruna Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., frá 11. mars 2005. Segir þar m.a. í ákvörðunarorðum:

„Landssíma Íslands hf. er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu sem fyrirtækið veitir að einhver þjónusta Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skuli fylgja með í kaupunum. Jafnframt er Landssíma Íslands hf. óheimilt að tvinna saman í sölu þjónustu fyrirtækisins og þjónustu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. gegn verði eða viðskiptakjörum sem jafna má til slíks skilyrðis.“³ (feitletrun PFS)

³ sbr. 5. tölul. á bls.19

„Landssími Íslands skal heimila Internetþjónustuveitum að áframselja ADSL tengingar fyrirtækisins gegn sama verði og viðskiptakjörum og Internetþjónusta Landssíma Íslands hf. nýtur þannig að jafnræði sé gætt milli Internetþjónustu Landssíma Íslands hf. og annarra Internetþjónustuveitna.“⁴

„Landssími Íslands hf. skal gæta þess að ADSL endabúnaður (mótald/beinir) sem ADSL þjónusta Símans afhendir með sjónvarpsþjónustu sé **samhæfður Internetþjónustu allra þeirra Internetþjónustuveitna sem uppfylla málefnaleg skilyrði til að veita þjónustu yfir ADSL kerfi Landssíma Íslands hf.** Þetta fyrirkomulag skal endurskoðað þegar ADSL endabúnaður fyrir sjónvarp hefur almennt verið staðlaður og í síðasta lagi 31. desember 2006.“⁵ (feitletrun PFS)

PFS er ljóst að stofnuninni ber ekki að framfylgja ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins en getur þó um ofangreinda ákvörðun samhengisins vegna og ítrekar að ákvörðun PFS nr. 8/2008 er skýr varðandi þau atriði er ágreiningur þessa máls snýst um.

3.4

Samkvæmt öllu framangreindu er ljóst að Símanum er óheimilt að tvinna saman á nokkurn hátt virðisaukandi þjónustu sem fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum í smásölu og aðra þjónustu sem fyrirtækið veitir til endursöluaðila í heildsölu. Í þeim tilfellum þar sem viðskiptavinur í ADSL þjónustu Vodafone er með beini sem er í eigu Símans en er ekki með sjónvarpsþjónustu Símans telur PFS ekki óeðlilegt að aðilar semji sín á milli um hvernig skuli staðið að frágangi slíkra mála. Síminn fjarlægir endabúnaðinn (beini) og Vodafone setji upp eigin búnað eða Vodafone kaupir eða leigi beininn af Símanum. Framangreint verði þó að gera með þeim hætti að tryggt verði að sem minnst röskun verði hjá notanda, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Í þeim tilfellum þegar viðskiptavinur í ADSL þjónustu Vodafone, eða öðru fjarskiptafyrirtæki, er jafnframt með sjónvarpsþjónustu Símans er Símanum óheimilt að láta slíka virðisaukandi þjónustu í smásölu fyrirtækisins hafa áhrif á heildsöluverðlagningu á bitastraumi til endursöluaðila. Geri Síminn það að skilyrði fyrir sjónvarpsþjónustu, eða annarri virðisaukandi þjónustu sem fyrirtækið veitir í smásölu, að viðkomandi notandi sé með beini frá Símanum er slíkt alfarið á ábyrgð Símans. Skal Síminn haga verðlagningu á þeirri þjónustu við notandann án þess að hún hafi áhrif á verðlagningu til endursöluaðila í heildsölu, enda um tvo ólíka þjónustumarkaði að ræða.

Að öllu ofangreindu virtu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar í máli þessu að Símanum er skylt uppfylla skyldu sína og fara að þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun PFS nr. 8/2008 og veita aðgang án hindrana og verðleggja allar ADSL tengingar til Vodafone í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá skv. fyrrnefndri ákvörðun. Skal Síminn því veita Vodafone að lágmarki 35% afslátt (35% smásala mínus) af öllum ADSL tengingum fyrirtækisins til endursölu, enda uppfylli Vodafone skilyrði um endursölu á að lágmarki 75 tengingum, frá og með 18. apríl s.l.

⁴ sbr. 8. tölul. á bls.20

⁵ sbr. 9. tölul. á bls.20

Ákvörðunarorð

Síminn skal í viðskiptum sínum við Vodafone, frá og með 18. apríl s.l., veita fyrirtækinu að lágmarki 35% afslátt (35% smásala mínus) af öllum ADSL tengingum sem það kaupir í heildsölu, enda uppfylli Vodafone lágmarkskilyrðið um endursölu á að lágmarki 75 tengingum.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 18. júlí 2008

F.h. forstjóra, Björn Geirsson

Inga Helga Jónsdóttir